

Samþykkt

um húsdýrahald og almennt gæludýrahald í Hafnarfirði

Markmið

1. gr.

Markmið bæjarstjórnar Hafnarfjarðar með heilbrigðissamþykkt þessari er að tryggja öryggi, hollustuhætti, góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir vegna húsdýrahalds og almenns gæludýrahalds í Hafnarfirði. Um dýrahald í atvinnuskyni skal farið að ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 [ásamt síðari breytingum](#) og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999 [ásamt síðari breytingum](#).

Skilgreiningar

2. gr.

Gæludýr eru hundar, kettir, skrautfiskar, nagdýr, kanínur og búrfuglar og önnur hryggdýr (að undanskildum svínunum, alifuglum, minkum, sauðfé og geitfé, nautgripum og hrossum) sem haldin eru til afþreyingar, félagsskapar og tómskundaiðu, sem og skrautfiskar notaðir í atvinnuskyni, fuglar notaðir til gagns eins og bréfdúfur og þegar hundar og kettir eru haldnir til gagns svo sem hundar í þjónustu lögreglu, tollgæslu og björgunarsveita, varðhundur, smalahundur, veiðihundur, sleðahundur, leitarhundur, blindrahundur, aðrir hjálparhundur og útihúsakettir. er hvert það lifandi dýr sem haldið er inni á heimilum til afþreyingar

Með hollustuháttum er vísað til hollustuverndar og mengunarvarna sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Með húsdýrahaldi í samþykkt þessari er átt við spendýr eða fugla sem eru til gagns, tómskundaiðu eða félagsskapar og haldin eru í sérstökum húsum og á lóðum eða svæðum sem til þess eru ætluð.

Með vörsluskyldu er vísað til að dýr séu höfð í fullnægjandi húsum, gerðum eða innan girðinga eða í umsjón einstaklings sem hefur fulla stjórn á dýrinu.

Með öryggi er átt við að húsnæði, aðrar vistarverur, gerði, girðingar, umhverfi þeirra og öryggisþætti þeim tengdum séu traust og dýraheld.

Húsdýrahald

3. gr.

Húsdýrahald (s.s. geita, hrossa, nautgripa, sauðfjár og svína) í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar sætir þeim takmörkunum sem koma fram í samþykkt þessari.

4. gr.

Öll lausaganga húsdýra í landi Hafnarfjarðarbæjar er óheimil og skal við vörslu þeirra gæta fyllsta öryggis þar með talið öryggis fyrir umferð ökutækja eða gangandi fólks.

5. gr.

Umráðamaður húsdýra ber þann kostnað sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu gripa skv. gjaldskrá heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis staðfest af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sbr. 5925. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir 7/1998.

6. gr.

Heimilt er að innheimta árlegt leyfisgjald af húsdýraeigendum vegna almenns eftirlits sbr. 2925. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldtakan skal ákveðin í gjaldskrá heilbrigðiseftirlits staðfest af bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Full vörsluskylda og ábyrgð er á höndum eigenda/umráðamanna. Við flutning, rekstur og aðra útivist húsdýra skal gæta fyllsta öryggis.

8. gr.

Sauðfjárhald í Hafnarfirði er einungis heimilt þeim sem bæjarstjórn hefur veitt leyfi til þess. Leyfishafi skal vera lögráða. Bæjarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sauðfjár einstakra eigenda sem tekur mið af húsakosti og beitilandi.

Áður en leyfi er veitt skal gengið úr skugga um að húsakostur sé fullnægjandi og hafi hlotið tilskilið leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda.

Leyfi er veitt til tveggja ára í senn. Sækja skal um leyfi með skriflegri umsókn til bæjarstjórnar.

9. gr.

Sauðfé skal flytja til sumarþeir í beitarhólf í Krýsuvík, sem er fyrir sauðfé frá Hafnarfirði, Garðabæ og Sveitarfélaginu Álftanesi, samanber samning sveitarfélaganna þriggja og Landgræðslu ríkisins, dags. 22. mars 1999.

10. gr.

Hrossahald er einungis leyft í skipulögðum hesthúsahverfum sem hafa hlotið samþykki bæjarstjórnar. Hrossafjöldi fer eftir skipulagi hesthúsahverfa.

Vörsluskylda er allt árið og er hrossahald að öllu leyti á ábyrgð eigenda/umráðamanna hrossanna.

11. gr.

Bæjarstjórn getur veitt tímabundna heimild til að halda önnur húsdýr en sauðfé og hross að fenginni umsögn heilbrigðiseftirlits, skipulags- og byggingarsviðs og framkvæmdasviðs. Leyfishafi skal vera lögráða. Sækja skal um leyfi með skriflegri umsókn til bæjarstjórnar.

12. gr.

Vörsluskylda er allt árið og ber eigandi að öllu leyti ábyrgð á húsdýrum sínum. -Húsdýraeigendum er skylt að tryggja húsdýr með frjálsri ábyrgðartryggingu gagnvart tjóni þriðja aðila. -Vörsluskylda í beitarhólfi sbr. 9 gr. fer samkvæmt reglum um beitarhólfið.

Gæludýrahald

13. gr.

Bæjarstjórn hefur sett samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald.- Um gæludýrahald að öðru leyti en að fram kemur í þeim samþykktum og samþykkt þessari gilda almenn ákvæði reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2001.

14. gr.

Alifuglahald (s.s. dúfur, endur, gæsir og hænsni) er einungis heimilt þeim sem bæjarstjórn hefur veitt leyfi til þess. Leyfishafi skal vera lögráða. Bæjarstjórn er heimilt að takmarka fjölda dýra og setja skilyrði varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir.

15. gr.

Ekki þarf að sækja um heimild til að halda einstaka smá spendýr s.s. kanínur eða skrautfugla inni á heimili enda verði gætt eðlilegra hollustuhátta og tillitssemi við nágranna.

Eftirlit

16. gr.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fer með eftirlit með framkvæmd samþykktarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og lögum um meðferð úrgangs nr. 55/2003, með síðari breytingum.

17. gr.

Eftirlit skal vera reglubundið og tilfallandi þegar aðstæður krefjast, svo sem vegna eftirfylgni, kvartana óhappa eða slysa.

Sleppi húsdýr eða gæludýr frá eiganda sínum eða umsjónarmanni skal viðkomandi gera tafarlaugar ráðstafanir til að handsama dýrið.

Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum og gera þegar ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni þeirra Heilbrigðiseftirlitið handsamar dýr sem ganga laus. Skylt er eigendum að sækja dýr sín og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun. Ef eigandi hefur ekki hirt um að sækja dýr sitt eða greiða áfallinn kostnað innan 7 daga er heimilt að svipta viðkomandi húsdýraeiganda leyfi til húsdýrahalds í Hafnarfirði þegar það á við. Eftir tvo sólarhringa frá handsömun er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa dýri til nýs eiganda, selja það gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta, ráðstafa dýrinu til annars aðila eða láta aflífa það.

18. gr.

Heilbrigðisnefnd skal halda skrá um húsdýraeigendur og fjölda leyfisskyldra húsdýra og skilar þeim upplýsingum til framkvæmdasviðs Hafnarfjarðarbæjar 1. nóvember ár hvert.

19. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru. Með mál vegna brota á samþykkt þessari skal farið að hætti sakamála, sbr. 33. gr. laga nr. 7/1998. Heimilt er að svipta húsdýraeiganda leyfi til húsdýrahalds vegna brota á samþykkt þessari.

20. gr.

Samþykkt þessi var lögð var fram á fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þann ~~[15. desember 2011]~~DAGS og samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar DAGS~~19. desember 2011~~ með vísan til 5925. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Hafnarfirði, 20. desember 2011.

Guðmundur Rúnar Árnason, bæjarstjóri